

**77. fundur Hafnarstjórnar Fjallabyggðar  
haldinn Ólafsvegi 4, Ólafsfirði  
10. desember 2015 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Haukur Kárason, formaður, S lista  
Hilmar Þór Zophoníasson, varaformaður, F lista  
Margrét Ósk Harðardóttir, aðalmaður, D lista  
Ásgeir Logi Ásgeirsson, aðalmaður, D lista  
Sverrir Sveinsson, áheyrnarfulltrúi, B lista  
Gunnar Ingi Birgisson, bæjarstjóri  
Ármann Viðar Sigurðsson, deildarstjóri tæknideildar  
Þorbjörn Sigurðsson, yfirhafnarvörður

**Fundargerð ritaði:** Ármann Viðar Sigurðsson, deildarstjóri tæknideildar.

**Fyrir var tekið:**

**1. 1503085 - Landaður afli í Fjallabyggðarhöfnum 2015**

Landaður afli í Fjallabyggðarhöfnum á tímabilinu 1. janúar 2015 til 10. desember 2015.

Siglufjörður 23200 tonn í 2371 löndunum. Ólafsfjörður 506 tonn 570 í löndunum.

**2. 1505028 - Endurbygging Bæjarbryggju á Siglufirði**

Lagður fram undirritaður verksamningur við Ísar, ásamt fylgigögnum, vegna endurbyggingu á Bæjarbryggju, Siglufirði.

Hafnarstjórn fagnar undirritun verksamnings við Ísar ehf.

**3. 1506100 - Orlof starfsmanna í Fjallabyggðarhöfnum**

Yfirhafnarvörður fór yfir stöðu orlofs hjá starfsmönnum Fjallabyggðarhafna.

**4. 1501061 - Viðleguaðstaða í Siglufirði og Ólafsfirði - hvala- eða útsýnisskoðun**

Hafnarstjórn felur deildarstjóra tæknideildar að taka saman kostnað við að klæða, leggja rafmagn og vatn að bryggju við Síldarminjasafnið á Siglufirði.

**5. 1505055 - Fjárhagsáætlun 2016 og 2017-2019**

Hafnarstjóri fór yfir samþykka fjárhagsáætlun 2016 og 2017-2019.

**6. 1511067 - Rekstraryfirlit október 2015**

Lagt fram til kynningar rekstraryfirlit hafnarsjóðs fyrir tímabilið 1.1. - 31.10.2015.

Hafnarsjóður rekstur rauntölur -43.735.524 áætlun -30.584.900.

Rekstrarstaða hafnarsjóðs er betri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Einnig kynntar rekstrartölur úr bókhaldi miðað við 10. desember 2015.

#### **7. 1512007 - Tjón - Innri höfn Siglufirði**

Tjón varð í innri höfn, Siglufirði þann 2/12 þegar landgangur, ljósastaur og rafmagnskassi fóru í sjóinn við flotbryggjuna. Talið er að tjónið megi rekja til ástands á landfestingum landgangsins sem eru orðnar lélegar.

#### **8. 1512017 - Lýsing á Fjallabyggðahöfnum**

Hafnarstjórn felur deildarstjóra tæknideildar að skoða hvort hægt sé að minnka rafmagnsnotkun á hafnarsvæðum með því að setja led kastara í stað þeirra sem nú eru í notkun.

#### **9. 1508023 - Rekstrarúttekt á starfsemi hafnarsjóðs**

Þorbjörn Sigurðsson yfirhafnarvörður vék af fundi undir þessum lið.

Hafnarstjóri fór yfir rekstrarúttekt á starfsemi hafnarsjóðs.

Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að vinna að þeim tillögum sem fram koma í úttektinni í samráði við starfsmenn Fjallabyggðarhafna.

#### **10. 1510038 - Sérstakt strandveiðigjald til hafna**

Fiskistofa innheimti sérstakt gjald af strandveiðibátum sem greitt er hverri höfn í hlutfalli við heildarafla sem fengin var við strandveiðar tímabilið 1/5 - 31/8 2015. Í hlut Fjallabyggðar kemur:

Siglufjarðarhöfn 1.496.753

Ólafsfjarðarhöfn 251.112

Lagt fram til kynningar.

#### **11. 1511038 - Björgunarskipuð Sigurvin - legupláss**

Lagt fram bréf frá umsjónarmönnum björgunarskipsins Sigurvin þar sem óskað er eftir tillögu hafnarstjórnar að viðlegu fyrir Sigurvin þar sem ekki verður hægt að nota núverandi viðlegukant þegar Bæjarbryggjan verður endurbyggð.

Hafnarstjórn samþykkir að boða umsjónarmenn Sigurvins á fund hafnarstjórnar.

#### **12. 1511045 - Hvað eru hafnirnar að gera til að efla ímynd**

Á seinasta hafnasambandsþingi var töluvert rætt um kynningu á starfsemi hafna og hvernig megi auka jákvæða ímynd þeirra. Þingið samþykkti svo ályktun um að mikilvægt væri að kynna starfsemi hafna með jákvæðum

hætti gagnvart almenningi og fyrirtækjum.

Stjórn Hafnasambands Íslands hefur tekið málið fyrir og ákveðið að óska eftir upplýsingum frá aðildarhöfnum til að kortleggja það sem nú þegar er verið að gera.

Lagt fram til kynningar.

**13. 1501068 - Fundargerðir Hafnasambands Íslands - 2015**

Fundargerðir 378. og 379. fundar Hafnasambands Íslands lagðar fram til kynningar.

**14. 1501083 - Fundargerðir Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga - 2015**

Fundargerð 23. fundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lögð fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:35.**